



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

til að starfrækja gististað; hótél (Grandi by Center Hotels) að Seljavegi 2,
F2000261, rými 01-0101

Nafn leyfishafa: Miðbæjarhótél/Centerhotels ehf.

Heimilisfang: Þverholt 14

Póstnúmer: 105

Kennitala: 450905-1430

Útgáfudagur leyfis: xx.xx 2026

Gildir til: xx.xx 2038

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði og starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði*. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, xx 2026

Umsókn um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Umsókn móttokin

16. mars, 2026

Einkvæmt auðkenni: 10a9fed4-2977-484f-b8b3-d75bdc8da546

Skilmálar

Já, ég samþykki!

✓

Tegund umsóknar

Vinsamlegast hakið við það sem við á
Breytingar á húsnæði

Starfsemi hefst

-

Starfsstöð og fyrirtæki

Heiti starfsstöðvar

Grandi by Center Hotels

Aðsetur starfsstöðvar

Seljavegur 2

Póstnúmer aðseturs

101

Símanúmer

Netfang

eva@centerhotels.com

Heimasíða

www.centerhotels.com

Nafn fyrirtækis

Miðbæjarhótel/Center Hotels ehf

Kennitala fyrirtækis

4509051430

Heimilisfang fyrirtækis

Þverholt 14

Póstnúmer fyrirtækis

105

Forsvarsmaður

Nafn forsvarsmanns

Kristófer Oliversson

Kennitala forsvarsmanns**Sími forsvarsmanns****Netfang forsvarsmanns**

kristofer@centerhotels.com

Hvar fer starfsemin fram?

Hvar fer starfsemin fram?

Í fasteign

Fasteignanúmer

F2000261

Starfsemi

Hvers konar starfsemi?

Gististarfsemi

Tegund starfsemi

Gististaður með veitingum, þ.m.t. áfengi; Morgunverður, hádegisverður og/eða kvöldverður; Hótel; Heitir pottar; Spa/heilsulind; Lín og annar þvottur þveginn á staðnum; Þvotti á líni og öðrum þvotti útvistað til þvottahúss með starfsleyfi; Starfsmenn gististaðar sjá um ræstingu; Herbergi með snyrtingu (handlaug, bað/sturta og salerni); Fataskápar eða aðstaða til að geyma farangur í herbergjum (læsanlegar geymslur í gistiskálum)

Gestafjöldi

850

Öryggi gesta

Sólarhringsvakt starfsmanns á staðnum; Sjúkrakassi aðgengilegur fyrir gesti; Húsreglur sem kynna helstu öryggisatriði híbýla, t.d. hættu vegna heits vatns og notkun þess og neyðarnúmerið 112; Símar aðgengilegir fyrir gesti; Símanúmer á sólarhringsvakt sem gestir geta haft samband við

Aðstaða til geymslu og flokkunar á sorpi sem fellur til við starfsemina. Þarf að vera á samþykktum teikningum. Ath. þetta á einnig við um tómar drykkjarvöruumbúðir.

✓

Nánari lýsing á starfseminni

Við erum einungis að bæta við 30 herbergjum í norðurenda hótelsins sem viðbót við hótelið. Annað er óbreytt. Morgunverður, kvöldverður, bar, fundarsalir og viðburðir á veitingastaðnum á hótelinu sem er óbreyttur frá síðustu úttekt. Gámes kerfi, HACAAP þjálfun, notkun emsiley kerfis varðandi skráningu og utanumhald á þrifum, ofnæmisvaldar fyrir matseðla og merkingar á matseðlum og á morgunverðarhlaðborði. Móttaka matvæla skv. stöðlum og hitastigsmælingar og þrif skráð í esmiley kerfi. Gæðahandbók og leiðbeiningar fyrir starfsfólk. Regluleg þjálfun starfsfólks. Ný fituskilja 2025. Loftræsting í reglulegu eftirliti og hreinsun loftstokka og háfa regluleg. Sorp flokkað. Hótelið er með Green key umhverfisvottun frá 2025. Starfsfólk í móttöku allan sólarhringin. Öryggisvöktun frá Öryggismiðstöðinni ásamt myndavélakerfi.

Fylgigögn

Viðbótargögn

eSmiley skýrsla.pdf



Reykjavík, 24. apríl 2026
USK26040002

UMSÖGN BYGGINGARFULLTRÚA Á SAMÞYKKTRI NOTKUN HÚSNÆÐIS

Viðtakandi: Miðbæjarhótel/Centerhotels ehf.

Sendandi: Byggingarfulltrúi

Heimilisfang: Umsagnarbeiðni

Merking: 01-0101

Starfsemi: Hótel

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að Heilbrigðiseftirlitið gefi út starfsleyfi fyrir Hótel að Seljavegi 2 – Fnr. F2000261, rýmisnr. 01-0101

Húsnæðið heimilar þessa notkun.

Samkvæmt heimildum byggingarfulltrúa er ekki séð að breyting hafi átt sér stað á húsnæðinu frá samþykktum aðaluppdráttum dags. 8. júlí 2025 (Breytingarerindi USK25050519 og USK24100343 á stofnerindi USK24020073) – ef svo er ber að sækja um byggingarleyfi hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur.

Öryggisúttekt er staðfest með útgáfu vottorðs dags. 21. apríl 2026. **Vottorð þetta um öryggisúttekt heimilar notkun á 30 nýjum hótelherbergjum til 21. apríl 2027 en þá skal vottorð um lokaúttekt hafa verið gefið út fyrir allt húsið.**

Umsögn byggingarfulltrúa á að fylgja með skráningu starfsleyfis hjá Heilbrigðiseftirliti.

Ef húsnæðið uppfyllir ekki kröfur Heilbrigðiseftirlits fyrir fyrirhugaðri starfsemi þá skal sækja um þær breytingar sem þarf að gera á húsnæðinu.

Virðingarfyllst,
f.h. byggingarfulltrúa
Jarprúður Iða Másdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið



STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR GISTISTAÐI Í REYKJAVÍK

Starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur vegna
hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og
mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		L. og eða Rlg.nr.	Uppfyllt
1.1	Skilyrði þessi gilda fyrir gististaði í Reykjavík.	L. 7/1998, 4. gr. Rlg. 941/2002.	
1.2	Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hefur fengið staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðisins eða þjónusta er tengd notkun fasteignar.	Rlg. 941/2002, 13 og 14. gr.	
1.3	Starfsleyfisumsóknnum skulu fylgja upplýsingar um rekstraraðila, lýsing á tegund starfseminnar, umfangi hennar og umfangi einstakra rekstrarþátta, uppdrættir af staðsetningu og önnur gögn ef þurfa þykir. Á starfsleyfisumsókn skal koma fram fastanúmer fasteignar og eigandi/eigendur. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar.	L. 7/1998, 46. gr. Rlg. 941/2002 8. gr.	
1.4	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001.	Rlg. 941/2002, 14. gr.	
1.5	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstrinum að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.	Rlg. 941/2002, 3. gr.	
1.5	Viðeigandi starfsleyfisskilyrði gilda ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða.		

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

		Rlg.nr.	Uppfyllt
2.1	Húsnæði skal uppfylla kröfur um íbúðarhúsnæði sé um að ræða gistingu á einkaheimili en annars kröfur um gististaði og vera rúmgott, bjart, hæfilega hitað og loftræst á fullnægjandi hátt.	Rlg. 941/2002, 14. gr.	
2.2	Húsnæði skal vera vel viðhaldið.	Rlg. 941/2002, 14. gr.	



2.3	Fullnægjandi baðaðstaða skal vera á staðnum ef ekki er snyrting með baðaðstöðu í gistiherbergi. Ekki skulu fleiri en tíu manns vera um hverja baðaðstöðu. Handlaug skal vera í herbergjum sé ekki sér snyrtiherbergi. Ekki er þó skylt að hafa handlaug á gistiherbergjum á einkaheimilum. Um salerni fer skv. fylgiskjali 2, rlg. nr. 941/2002.	Rlg. 941/2002, 27. gr.	
2.4	Hitastýrð blöndunartæki skulu vera í handlaugum og böðum til þess að vatnshiti fari ekki yfir 43°C við töppunarstað. Sé annar búnaður til staðar sem tryggir sömu niðurstöðu t.d. forhitari þarf ekki hitastýrð blöndunartæki. Gestir skuli upplýstir um að vatnshiti getur farið yfir 43°C við	Rlg. 941/2002, 14. gr.	
2.5	Starfsfólk skal hafa greiðan aðgang að sérstökum snyrtingum og öðrum búnaði skv. reglum Vinnueftirlitsins um húsnæði vinnustaða. Þetta á ekki við um gistingu á einkaheimilum.	Rlg. 941/2002, 17. gr.	

3. HREINLÆTI OG ÞRIF

L. og eða
Rlg.nr.

Uppfyllt

	L. og eða Rlg.nr.	Uppfyllt	
3.1	Húsnæði og öll aðstaða skal þriffin fyrir nýja viðskiptavini. Til staðar skal vera skrifleg hreinlætisáætlun. Allsherjarhreingerningu skal gera árlega.	Rlg. 941/2002, 14. gr. og 36. gr.	
3.2	Ávallt skal skipta á rúmfatnaði, handklæðum og öðrum hreinlætisbúnaði áður en nýir viðskiptavinir taka við gistirými.	Rlg. 941/2002, 27. gr.	
3.3	Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.	Rlg. 941/2002, 14. gr.	
3.4	Þvottur skal þveginn við fullnægjandi aðstæður. Handklæði og rúmföt skal þvo við a.m.k. 60°C. Hreint lín skal aðskilið frá óhreinu.	Rlg. 941/2002, 27. gr.	
3.5	Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir, eftir því sem við á.	Lög nr. 6/2002.	
3.6	Gæta skal fyllsta hreinlætis og snyrtimennsku. Allur búnaður skal vera hreinn og heill.	Rlg. 941/2002, 27. gr.	
3.7	Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í gististaði	Rlg. 941/2002, 19. gr.	
3.8	Sérstakt lokað loftræst rými skal vera fyrir ræstilaug, ræstiáhöld og efni. Þetta á ekki við um gistingu á einkaheimilum.	Rlg. 941/2002, 14. gr.	



3.9	Þar sem er loftræsikerfi skal það hreinsað og þjónustað reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar skulu vera aðgengilegar	Rlg. 941/2002, 14. gr.	
-----	---	------------------------------	--

4. MATVÆLI

		L. og eða Rlg.nr.	Uppfyllt
4.1	Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og reglugerðir settar samkvæmt þeim.	Lög nr. 93/1995	

5. ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

		Rlg.nr.	Uppfyllt
5.1	Lyf,hættuleg efni og hlutir skulu geymd þar sem börn ná ekki til.	Rlg. 941/2002, 37. gr.	
5.2	Til staðar skulu vera húsreglur sem kynna helstu öryggisatriði í sambandi við hífýlin og umhverfið. Upplýsa skal gesti um að vatn getur orðið allt að 80° heitt og varúðar skal gætt við notkun á heitu vatni. Einnig skal kynna neyðarnúmerið 112 og eftir atvikum hvar hægt er að leita aðstoðar. Tungumál skal vera eins og þörf er á. Ef ekki er tekið á móti gestum við komu skulu þessar reglur vera skriflegar.	Rlg. nr. 941/2002, 14. gr.	
5.3	Sjúkrakassi skal vera aðgengilegur í hífýlum.	Rlg. nr. 941/2002, 14. gr.	
5.4	Þar sem setlaugar eru fyrir gesti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.	Rlg. nr. 814/2014	

6. LÓÐ OG UMHVERFISMÁL

		Rlg.nr.	Uppfyllt
6.1	Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.	Rlg. 941/2002, 14. gr. og 18. gr.	
6.2	Fara skal eftir ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólpi eftir því sem við á. Fitugildir skulu vera þar sem hætta er á að fita í skólpi geti valdið	Rlg. 798/2002.	



	tjóni á lögnum og fráveitukerfi.		
6.3	Starfsemin má ekki valda ónæði, sem er veruleg og ítrekuð truflun eða áreiti sem tilheyrir ekki því umhverfi sem um ræðir, s.s. vegna óþrifnaðar, ólyktar, hávaða eða titrings.	Rlg. 941/2002 3. og 22.gr.	
6.4	Fara skal að ákvæðum reglugerðar um hávaða eftir því sem við á.	Rlg. 724/2008 m.a. 8.gr	
6.5	Fara skal að ákvæðum reglugerðar um meðhöndlun úrgangs og samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg. Rekstraraðili skal tryggja að úrgangur frá starfseminni valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið, einkum mengun vatns, jarðvegs og andrúmslofts. Draga skal eins og unnt er úr myndun úrgangs og stefnt skal að endurnotkun og endurnýtingu m.a. með flokkun úrgangs. M.a. að til staðar séu nægilega mörg sorpplát, að tíðni losunar sé nægileg og að úrgangur sé flokkaður.	Rlg. 737/2003. Sp. 123/2017	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 103/2010 um hollustuhætti er varða matvæli, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg nr. 123/2017 .Reglugerð um setlaugar nr 814/2010
- Athygli er vakin á því að skv. 74. gr. reglugerðar nr. 941/2002 getur ráðherra veitt undanþágu frá ákvæðum reglugerðarinnar. Greinin er svohljóðandi: Ráðherra er heimilt að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og Umhverfisstofnunar að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum reglugerðarinnar.



Starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur Samkomustaðir

Starfsleyfisskilyrði sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og lögum um matvæli nr. 93/1995 með síðari breytingum eftir því sem við á.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfið gildir fyrir samkomustaði, sem eru sérstaklega útbúnir og ætlaðir til hvers kyns samkomuhalds og til þess leigðir út í atvinnuskyni til einstaklinga og/eða fyrirtækja, hvort sem er með eða án veitinga í mat og/eða drykk.	941/2002 3. og 7. gr.	
1.2	Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hefur fengið staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðisins.	941/2002 13.gr og 14. gr. 506/2010 2.gr.b	
1.3	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.	941/2002 14.gr L 93/1995 8.gr b	
1.4	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	941/2002 14.gr 536/2001	
1.5	Starfsleyfisumsóknum skulu fylgja upplýsingar um rekstraraðila, lýsing á tegund starfseminnar, umfangi hennar og umfangi einstakra rekstrarþátta, uppdrættir af staðsetningu og önnur gögn ef þurfa þykir.	941/2002 8. gr.	
1.6	Hundum, köttum og öðrum dýrum má ekki hleypa inn í húsrými, undanskyldir eru hjálparhundar fatlaðra.	941/2002 19. gr.	

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Húsnæði skal vera vel viðhaldið. Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldri starfsemi eða íbúð.	941/2002 14.gr 506/2010	
2.2	Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.	941/2002 14.gr	
2.3	Læst og loftræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.	941/2002 14.gr	



2.4	Viðskiptavinir eiga að hafa greiðan aðgang að fullbúinni snyrtingu. Salernisklefi og anddyri skulu vera úr eða klædd efni sem gott er að halda hreinu. Þar skal vera fullnægjandi loftræsting og birta.	941/2002 15.gr	
2.5	Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hætta á húðbruna almenns notanda. Nota skal hitastýrð blöndunartæki í handlaugum og böðum til þess að vatnshiti við töppunarstað fari ekki yfir 43°C.	941/2002 14.gr.	
2.6	Húsnæði og búnaður samkomustaða skal vera í samræmi við kröfur reglugerðar um hollustuhætti.	941/2002 14. gr.	

3 HÁVAÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Skytt er að haga allri háværri starfsemi þannig að ekki valdi ónæði.	724/2008 6. og 10. gr. 941/2002 22. gr.	

4 HREINLÆTI OG ÞRIF

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Húsnæði og öll aðstaða skal þriffin eftir þörfum sem ræðst af notkun húsnæðisins. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um skriflega hreinlætisáætlun. Allsherjarhreingerningu skal gera eftir þörfum.	941/2002 14.gr	
4.2	Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.	941/2002 14.gr	
4.3	Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustubók eða samsvarandi leiðbeiningar skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.	941/2002 11.gr	
4.4	Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir, eftir því sem við á.	Lög nr. 6/2002	

5 MATVÆLI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Fara skal að ákvæðum matvælalaga og reglugerðum sem á þeim byggja eftir því sem við á.	103/2010 og 852/2004	
5.2	Yfirmaður í eldhúsi veitingastaðar skal búa yfir fullnægjandi menntun og þekkingu í meðferð matvæla, hreinlæti og verkstjórn í samræmi við ákvæði matvælalaga og gildandi reglugerðar um hollustuhætti. Stjórnendur matvælafyrirtækja bera ábyrgð á að starfsfólkinu sé veitt fræðsla.	852/2004 viðauki II, k.XII,tl 1 L. 93/1995 10. gr.	



6 ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfylt
6.1	Fara skal að fyrirmælum heilbrigðisnefndar um allt er varðar hreinlæti, hollustuvernd og öryggismál.	941/2002 14. gr.	

7 UMHVERFISMÁL

		Rgl.nr.	Uppfylt
7.1	Aðkoma og lóð skal vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.	941/2002 14. gr og 18.gr.	
7.2	Gæta skal þess að af starfseminni stafi ekki ónæði og óþægindi fyrir gesti og nágranna staðarins s.s. óþrifnaður, hávaði, ólykt, titringur, geislun eða varmaflæði.	941/2002 3. gr. og 22. gr. 724/2008 6. og 10. gr.	
7.3	Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og flokka úrgang til endurvinnslu samkvæmt reglum viðkomandi sveitarfélags. Spilliefnum skal komið til viðurkenndra móttökustöðva.	737/2003 11.gr, 18.gr 806/1999 gr.6 1040/2016 ,V.1,FI.20	
7.4	Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.	798/1999	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.br.
- Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, m.s.br.
- Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, m.s.br.
- Efnalög nr. 61/2013 og reglugerðum sem á þeim byggja.
- Reglugerð um spilliefni nr 806/199 breytt með reglugerð nr. 169/2002.
- Reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.
- Reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs,
- Lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir.
- Lögum nr. 93/1995 um matvæli.
- Reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.
- Reglugerð nr. 506/2010 um breytingu á reglugerð 103/2010 umgildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.
- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, m.s.br.
- Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur eru byggð á samræmdum starfsleyfisskilyrðum Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

Samkomustaðir eru staðir þar sem fer fram skemmtana- og samkomuhald, þar með taldir hljómléikasalir, söfn, leikhús, kvikmyndahús, kirkjur, markaðir og veitingastaðir.